

Alþingi

Erindi nr. B 176 /68C

komudagur 17 /12 1992

Akureyri 17. des. 1992

Hr. formaður efnahagsmálanefndar
Vilhjálmur Egilsson

Í þeirri umræðu um fjárhagsvandann í þjóðfélaginu, virðist ein leið ekki hafa verið á borðinu, sú leið sem er að mínu mati ein sú best, áhrifaríkasta og sársaukaminnsta, sem hægt er að fara til að bæta úr hluta vandans.

Þessi leið er að leggja a.m.k. 25% álag eða skatt á seldan ferðamannagjaldoyri (undanþogið flug og hótöl, greitt innlendum ferðaskrifstofum).

Skv. opinberum tölum eru um það bil 100.000 Íslendingar á faralds-fæti til útlanda ár hvert og ef meðaleyðsla í gjaldeyriskaupum er 50.000 á mann, þá er hér um að ræða 1 milljarð og tvö hundruð og fimmtíu milljónir í tekjur til ríkissjóðs.

En hið einstaka við þennan skatt er, að það er enn heilladrygra fyrir þjóðina ef hann innheimtist ekki.

Að þeirri forsendu gefinni að þetta séu tímabundnar aðgerðir - 2 ár - þá má ætla að margir ferðamenn fresti för sinni þetta tímabil. Það orsakar að allt að 5 milljarðar haldast inni í hagkerfinu hvort árið. Það þarf ekki að fara mörgum orðum til að lýsa því hve bætandi áhrif þetta hefði á verslun, þjónustu ýmskonar, svo og innlendan iðnað. Einnig mundi sparnaður aukast.

Atvinnuleysi minnkaði, ég giska á um 1000 manns og þar sparast ca. 500 milljónir í atvinnuleysisbætur, utan annan þann ávinning af því að fólk fái að starfa.

Stóraukin velta ýmissa verslunar og þjónustugreina veltir upp þeirri spurningu, hvort ekki sé þá réttlátanlegt, að þær greinar, sem helst njóta sé gert skylt að lækka álagningu sína.

(Há álagning hefur að miklum hluta skapast af lítilli veltu fyrir-tækja). Lækkandi vöruverð eykur raðstöðunartekjur heimilanna og vekur aukin heldur áhuga erlendra ferðamanna, sem skilar sér í auknum ferðamannastraumi.

Að því samantöldu sem að framan hefur verið getið, þá er þetta leið sem skaðar engann, en stuðlar að hagvexti hvar sem litið er í þjóðfélaginu.

Ég bið yður vinsamlegast að íhuga þennan möguleika vandlega.

Virðingarfyllt

Gunnar H. Gíslason, viðskiptafræðingur
Akureyri

